Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 76/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Agnari Víði Bragasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. febrúar 1993, sem barst réttinum 15. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Rannsóknarlögregla ríkisins, sem er aðili kærumáls þessa samkvæmt 141. gr. laga nr. 19/1991, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. febrúar 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Agnari Víði Bragasyni, kt. 160966-3009, með lögheimili að Kársnesbraut 35 í Kópavogi, verði með úrskurði réttarins gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 26. febrúar 1993 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Við leit á heimili Hilmars Þóris Ólafssonar, kt. 170466-4549, að Miklubraut 64 í Reykjavík og við leit í bifreið Bryndísar Ólafsdóttur, kt. 041270-5519, en báðar leitirnar fóru fram í gær, fundust verðmæti, sem talin eru hafa horfið í innbrotum í fyrirtæki í Þorlákshöfn og á Selfossi í þessum og síðastliðnum mánuði. Umrædd innbrot voru öll framin á sama svæði og með svipaðri aðferð, sem bendir til þess, að sömu aðilar hafi verið að

verki í öll skiptin. Þrjú innbrotanna voru framin sömu nótt, og sást þá til tveggja ungra manna á jeppabifreið eða ummerki eftir þá og bifreiðina. Áðurnefnd Bryndís hefur borið fyrir lögreglu, að hún hafi 15. janúar sl. tekið jeppabifreið á leigu fyrir kærða, sem ekki hafi verið skilað fyrr en 18. sama mánaðar.

Kærði hefur hér fyrir dómi viðurkennt að hafa dvalist á heimili kunningja síns, Hilmars Þóris, að Miklubraut 64 í Reykjavík frá síðustu mánaðamótum. Þá hefur kærði viðurkennt fyrir dóminum að hafa haft bifreið fyrrverandi sambýliskonu sinnar, áðurnefndrar Bryndísar, til afnota í gærdag. Kærði hefur ekki viðurkennt aðild sína að neinu þeirra innbrota og þjófnaðarbrota, sem honum hafa verið gefin hér að sök. Hilmar Þórir Ólafsson hefur hins vegar borið fyrir lögreglu, að kærði hafi tekið þátt í innbrotinu í fyrirtækið Skipaþjónustu Suðurlands sf. í Þorlákshöfn.

Af því, sem að framan er rakið, þykir vera kominn fram rökstuddur grunur um, að kærði eigi aðild að afbrotum þeim, sem honum hafa verið gefin að sök. Afbrot þessi geta að lögum varðað hann fangelsisrefsingu. Rannsókn málsins er á frumstigi, og þar sem hætta þykir á, að kærði kunni að torvelda rannsókn málsins, svo sem með því að skjóta undan munum eða hafa áhrif á vitni eða samseka, fari hann frjáls ferða sinna, þykir með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. l. 19/1991 nauðsynlegt að taka kröfu rannsóknarlögreglunnar um gæsluvarðhald kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðinn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjóra.

Úrskurðarorð:

Kærði, Agnar Víðir Bragason, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 26. febrúar 1993 kl. 16.00.